

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2014/52/ESB

2015/EES/34/27

frá 16. apríl 2014

um breytingu á tilskipun 2011/92/ESB um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB⁽⁴⁾ voru samræmdar meginreglur um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda, með því að innleiða lágmarkskröfur með tilliti til tegundar framkvæmda sem mat er lagt á, helstu skuldbindinga framkvæmdaraðila, innihalds matsins og þátttöku lögbærra yfirvalda og almennings, og stuðlað að háu verndarstigi fyrir umhverfið og heilbrigði manna. Aðildarríkjunum er fjárlast að mæla fyrir um strangari verndarráðstafanir í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE).
- 2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 2007 sem ber titilinn „The mid-term review of the sixth Community Environment Action Programme“ og í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 23. júlí 2009 um beitingu og skilvirkni tilskipunar ráðsins 85/337/EBE⁽⁵⁾, sem var undanfari tilskipunar 2011/92/ESB, var lögð áhersla á þörfina fyrir að bæta meginreglur um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda og að aðlaga tilskipun 85/337/EBE að stefnunni og að lagalegu og tæknilegu samhengi, þar sem umtalsverð þróun hefur átt sér stað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 124, 25.4.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 133, 9.5.2013, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 218, 30.7.2013, bls. 42.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 12. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtið. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40).

- 3) Nauðsynlegt er að breyta tilskipun 2011/92/ESB til að auka gæði málsmeðferðar við mat á umhverfisáhrifum, aðlaga þá málsmeðferð að meginreglunum um snjalla reglusetningu og auka samræmi og samlegðaráhrif við aðra löggjöf og aðrar stefnur Sambandsins, sem og við áætlanir og stefnur sem aðildarríki hafa þróað innan landsbundins valdsviðs síns.
- 4) Til að samræma málsmeðferðir við mat vegna verkefna sem ná yfir landamæri og greiða fyrir þeim og, einkum, til að halda viðræðufundi í samræmi við samninginn um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri frá 25. febrúar 1991 (Espoo-samninginn) geta hlutaðeigandi aðildarríki komið á fót sameiginlegri stofnun á grundvelli jafnrar þátttöku.
- 5) Fyrirkomulagið sem sett er fram í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 347/2013⁽⁶⁾, (ESB) nr. 1315/2013⁽⁷⁾ og (ESB) nr. 1316/2013⁽⁸⁾, sem skipta máli varðandi verkefni á sviði grunnvirkja sem eru fjármögnuð sameiginlega með þátttöku Sambandsins, getur einnig greitt fyrir framkvæmd krafanna í tilskipun 2011/92/ESB.
- 6) Einnig ætti að endurskoða tilskipun 2011/92/ESB á þann hátt að tryggðar séu umbætur í umhverfisvernd, auðlindanýtni aukin sem og stuðningur við sjálfbæran vöxt innan Sambandsins. Í þessu skyni ætti að einfalda og samræma þær málsmeðferðarreglur sem þar er mælt fyrir um.
- 7) Undanfarinn áratug hefur mikilvægi umhverfstengdra málefna, s.s. auðlindanýtni og sjálfbærni, verndun líffræðilegrar fjölbreytni, loftslagsbreytingar og hætta á slysum og náttúruhamförum, aukist þegar kemur að stefnumótun. Því ættu þau einnig að vera mikilvægur þáttur í mats- og ákvarðanatökuförum.
- 8) Í orðsendingu sinni frá 20. september 2011 sem ber titilinn „Roadmap to a Resource Efficient Europe“ skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að taka með í reikninginn viðtækari athugunarefni tengd auðlindanýtni og sjálfbærni í tengslum við endurskoðun á tilskipun 2011/92/ESB.
- 9) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. september 2006 sem ber titilinn „Thematic Strategy for Soil Protection“ og í „Roadmap to a Resource-Efficient Europe“ er lögð áhersla á mikilvægi sjálfbærrar nýtingar á jarðvegi og þörfina fyrir að fjalla um ósjálfbæran vöxt byggðar yfir lengri tíma („landtöku“). Enn fremur er, í lokaskjali ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem haldin var í Rio de Janeiro 20.–22. júní 2012, viðurkennt efnahagslegt og félagslegt mikilvægi góðrar landstjórnunar, þ.m.t. fyrir jarðveg, ásamt þörfinni fyrir knýjandi aðgerðir til að snúa við hnignun lands. Því ætti, í tengslum við framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, að taka tillit til og takmarka áhrif þeirra á land, einkum að því er varðar landtöku, og á jarðveg, þ.m.t. í tengslum við lífrænt efni, landeyðingu, þjöppun og þéttingu; einnig skipta viðeigandi áætlanir um landnotkun og stefnur á lands-, svæðis- og staðarvísu máli að því er þetta varðar.
- 10) Í samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni („samningurinn“), sem Sambandið er aðili að samkvæmt ákvörðun ráðsins 93/626/EBE⁽⁹⁾, er krafist, að því leyti sem mögulegt er og við á, mats á umtalsverðum skaðlegum áhrifum framkvæmda á líffræðilega fjölbreytni, sem er skilgreind í 2. gr. samningsins, með það fyrir augum að komast hjá slíkum áhrifum eða halda þeim í lágmarki. Slíkt fyrirframat á þessum áhrifum ætti að vera framlag til þess að ná fram því höfuðmarkmiði Sambandsins sem leiðtogaráðið samþykkti í niðurstöðum sínum frá 25.–26. mars 2010 um að stöðva minnkun á líffræðilegri fjölbreytni og hnignun vistkerfisþjónustu fyrir 2020 og byggja þær upp þar sem hagkvæmt er.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 347/2013 frá 17. apríl 2013 um viðmiðunarreglur um samevrópskt orkugrunnvirki og niðurfellingu á ákvörðun nr. 1364/2006/EB og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 713/2009, (EB) nr. 714/2009 og (EB) nr. 715/2009 (Stjtið. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 39).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 frá 11. desember 2013 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutningansins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB (Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 1).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 (Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129).

⁽⁹⁾ Ákvörðun ráðsins 93/626/EBE frá 25. október 1993 um gerð samnings um líffræðilega fjölbreytni (Stjtið. EB L 309, 13.12.1993, bls. 1).

- 11) Þær ráðstafanir sem eru gerðar til að komast hjá, koma í veg fyrir, draga úr og, eftir því sem unnt er, vega upp á móti umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfið, einkum á tegundir og búsvæði sem njóta verndar samkvæmt tilskipun ráðsins 92/43/EBE⁽¹⁰⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB⁽¹¹⁾, ættu að stuðla að því að komist sé hjá allri hnignun á gæðum umhverfisins og öllu hreinu tapi á líffræðilegri fjölbreytni, í samræmi við skuldbindingar Sambandsins í samhengi við samninginn og markmið og aðgerðir í áætlun Sambandsins um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2020 sem mælt er fyrir um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. maí 2011 sem ber titilinn „Our life insurance, our natural capital: an EU biodiversity strategy to 2020“.
- 12) Með það fyrir augum að tryggja hátt verndarstig sjávarumhverfisins, sérstaklega að því er varðar tegundir og búsvæði, ætti, þegar umhverfisáhrif eru metin og skimun framkvæmd vegna framkvæmda í sjávarumhverfi, að taka tillit til eiginleika viðkomandi framkvæmda, með sérstöku tilliti til þeirrar tækni sem beitt er (t.d. jarðbylgjumælinga með virkum sónar). Í þessu tilliti gætu kröfurnar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/30/ESB⁽¹²⁾ einnig greitt fyrir framkvæmd krafanna í þessari tilskipun.
- 13) Loftslagsbreytingar munu halda áfram að skaða umhverfið og stofna efnahagsþróun í hættu. Í þessu sambandi er viðeigandi að meta áhrif framkvæmda á loftslag (t.d. losun gróðurhúsalofttegunda) og hversu næmar þær eru fyrir loftslagsbreytingum.
- 14) Í kjölfar orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 23. febrúar 2009, sem ber titilinn „A Community approach on the prevention of natural and man-made disasters“, hvatti ráðið framkvæmdastjórnina, í niðurstöðum sínum frá 30. nóvember 2009, til að sjá til þess að við framkvæmd, endurskoðun og frekari þróun á framtaksverkefnum Sambandsins yrði tekið tillit til forvarna gegn hamförum og til málefna sem tengjast stjórnun, sem og til Hyogorammaáætlunar Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir (2005–2015) sem var samþykkt 22. janúar 2005, en í henni er lögð áhersla á að koma upp málsmeðferðarreglum vegna mats á því hvaða áhættu fyrir stórframkvæmdir á sviði grunnvirkja má gera ráð fyrir vegna náttúruhamfara.
- 15) Til að tryggja hátt verndarstig fyrir umhverfið þarf að gera varúðarráðstafanir vegna tiltekinna framkvæmda sem líklegt er að hafi umtalsverð skaðleg umhverfisáhrif vegna þess hversu næmar þær eru fyrir stórslysum og/eða náttúruhamförum (s.s. flóðum, hækkun sjávarborðs eða jarðskjálftum). Hvað slíkar framkvæmdir varðar er mikilvægt að taka til athugunar hversu næmar þær eru (váhrif og mótstöðugeta) fyrir stórslysum og/eða náttúruhamförum, hættuna á umræddum slysum og/eða náttúruhamförum og hvaða umtalsverðu skaðlegu umhverfisáhrif má gera ráð fyrir að líklegt sé að skapist. Til að komast hjá tvítekningum ætti að vera mögulegt að nota allar þær upplýsingar sem máli skipta og eru fengnar með áhættumati sem er unnið samkvæmt löggjöf Sambandsins, s.s. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB⁽¹³⁾ og tilskipun ráðsins 2009/71/KBE⁽¹⁴⁾, eða með viðeigandi mati sem er gert samkvæmt landslöggjöf, að því tilskildu að farið sé að kröfunum í þessari tilskipun.
- 16) Skilgreiningarnar og meginreglurnar sem eru þróaðar í viðeigandi samningum ráðs Evrópusambandsins, einkum Evrópusamningnum um vernd fornleifaarfsins frá 6. maí 1969, samningnum um vernd byggingarlistararfleifðar Evrópu (e. *Convention for the Protection of the Architectural Heritage of Europe*) frá 3. október 1985, Evrópusamningnum um landslag frá 20. október 2000 og rammameningnum um gildi menningararfleifðar fyrir samfélagið (e. *Framework Convention on the Value of Cultural Heritage for Society*) frá 27. október 2005, geta reynst gagnlegar í tengslum við vernd og eflingu þeirrar menningararfleifðar sem samanstendur af sögulegum stöðum í þéttbýli og landslagi sem eru órjúfanlegur þáttur þeirrar menningarlegu fjölbreytni sem Sambandið er skuldbundið til að virða og styrkja í samræmi við 4. mgr. 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Til að varðveita betur sögulega arfleifð og menningararfleifð og landslagið er mikilvægt, í mati á umhverfisáhrifum, að fjalla um sjónræn áhrif framkvæmda, það er að segja breytingu á útliti eða útsýni manngerðs eða náttúrulegs landslags og þéttbýlissvæða.
- 17) Við beitingu tilskipunar 2011/92/ESB er nauðsynlegt að tryggja snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla, í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 2010 sem ber titilinn „Europe 2020 — A strategy for smart, sustainable and inclusive growth“.

⁽¹⁰⁾ Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra (Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7)

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla (Stjtið. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7).

⁽¹²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/30/ESB frá 12. júní 2013 um öryggi olíu- og gasstarfsemi á hafi úti og um breytingu á tilskipun 2004/35/EB (Stjtið. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 66).

⁽¹³⁾ Tilskipun 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB (Stjtið. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1).

⁽¹⁴⁾ Tilskipun ráðsins 2009/71/KBE frá 25. júní 2009 um ramma Bandalagsins um öryggi kjarnorkuvirkja með tilliti til kjarnorku (Stjtið. ESB L 172, 2.7.2009, bls. 18).

- 18) Með það fyrir augum að styrkja aðgang almennings að upplýsingum og gagnsæi ætti einnig að gera tímanlegar umhverfisupplýsingar, sem tengjast framkvæmd þessarar tilskipunar, aðgengilegar á rafrænu formi. Því ættu aðildarríkin að koma upp að minnsta kosti miðlægri aðgangsgátt eða aðgangspunktum á viðeigandi stjórnunarstigi, til að veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum á auðveldan og markvissan hátt.
- 19) Reynslan sýnir að þegar um er að ræða framkvæmdir eða þætti framkvæmda sem snúast um varnir, þ.m.t. framkvæmdir sem tengjast starfsemi liðsafla bandamanna á yfirráðasvæði aðildarríkja í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, getur beiting tilskipunar 2011/92/ESB leitt til birtingar trúnaðarupplýsinga, sem málið varða, sem myndi grafa undan vörnum. Því ætti að gera ráð fyrir að aðildarríkin fái heimild til að beita þeirri tilskipun ekki í slíkum tilvikum, þegar við á.
- 20) Reynslan sýnir, að því er varðar framkvæmdir sem hafa þann tilgang einan að bregðast við neyðartilvikum sem varða almannavarnir, að það getur haft skaðleg áhrif að fara að tilskipun 2011/92/ESB, m.a. á umhverfið, og því ætti að gera ráð fyrir að aðildarríkin fái heimild til að beita þeirri tilskipun ekki í slíkum tilvikum, þegar við á.
- 21) Aðildarríkin geta valið á milli nokkurra kosta þegar kemur að því að framkvæma ákvæði tilskipunar 2011/92/ESB um að fella mat á umhverfisáhrifum inn í innlendar málsmeðferðir. Því geta þættir þessara innlendu málsmeðferða verið breytilegir. Þess vegna getur sú rökstudda niðurstaða sem er endapunkturinn á rannsókn lögbæra yfirvaldsins á umhverfisáhrifum framkvæmdanna verið hluti af samþættri málsmeðferð um leyfi til framkvæmda eða verið tekin upp í aðra bindandi ákvörðun sem krafist er til að farið sé að markmiðum þessarar tilskipunar.
- 22) Til að tryggja hátt verndarstig fyrir umhverfið og heilbrigði manna ætti, í skimun og mati á umhverfisáhrifum, að hafa hliðsjón af áhrifum allrar framkvæmdarinnar sem um ræðir, þ.m.t., ef við á, þeirra áfanga sem fram fara neðan yfirborðs og neðanjarðar, byggingaráfangans, rekstrarþátta og, ef við á, niðurrifsáfanga.
- 23) Með það fyrir augum að ná fram fullu mati á beinum og óbeinum áhrifum framkvæmdar á umhverfið ætti lögbært yfirvald að framkvæma greiningu með því að rannsaka meginatriði þeirra upplýsinga sem framkvæmdaraðilinn lagði fram og sem fengust í gegnum samráð, ásamt því að taka mið af viðbótarupplýsingum þegar við á.
- 24) Ef um er að ræða framkvæmdir sem eru samþykktar með tiltekinni landslöggjöf ættu aðildarríkin að sjá til þess að markmiðin í þessari tilskipun sem tengjast samráði við almenning náist með lagasetningarmeðferðinni.
- 25) Tryggja ætti hlutlægni lögbæru yfirvaldanna. Hægt væri að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra m.a. með aðskilnaði á rekstri lögbæra yfirvaldsins og framkvæmdaraðilans. Í tilvikum þar sem lögbæra yfirvaldið er líka framkvæmdaraðili ættu aðildarríkin hið minnsta að koma á, innan skipulags stjórnsluvaldsviðs síns, viðeigandi aðskilnaði á þeim starfssviðum þeirra yfirvalda, sem sinna þeim skyldum, sem rekja má til tilskipunar 2011/92/ESB, sem stangast á.
- 26) Til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort gera skuli mat á umhverfisáhrifum (skimun) vegna framkvæmda, sem eru taldar upp í II. viðauka við tilskipun 2011/92/ESB, breytinga eða viðbóta þeirra, ætti að tiltaka hvaða upplýsingar framkvæmdaraðilanum ber að leggja fram, með áherslu á lyklatríði sem gera lögbæra yfirvaldinu kleift að taka ákvörðun. Gera ætti ákvörðunina aðgengilega fyrir almenning.
- 27) Skimunin ætti að tryggja að einungis sé krafist mats á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmdir sem líklegt er að hafi umtalsverð áhrif á umhverfið.

- 28) Breyta ætti og skýra valforsendurnar, sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 2011/92/ESB, sem aðildarríkin skulu taka tillit til í ákvörðun á því hvaða framkvæmdir skuli settar í mat á umhverfisáhrifum á grundvelli umtalsverðra áhrifa þeirra á umhverfið. Til dæmis sýnir reynslan að líklegt er að framkvæmdir þar sem nýttar eru verðmætar auðlindir eða sem hafa áhrif á þær, framkvæmdir sem ætlunin er að fari fram á umhverfislega viðkvæmum stöðum eða framkvæmdir sem hafa hugsanlega hættuleg eða varanleg áhrif, hafi oft umtalsverð áhrif á umhverfið.
- 29) Þegar ákvarðað er hvort líklegt sé að framkvæmd hafi umtalsverð áhrif á umhverfið ættu lögbær yfirvöld að skilgreina mikilvægustu viðmiðanirnar sem taka þarf til athugunar og taka tillit til upplýsinga sem geta legið fyrir eftir önnur matsferli sem krafist er samkvæmt löggjöf Sambandsins, til að beita megi skimuninni á skilvirkan og gagnsæjan hátt. Í þessu tilliti er viðeigandi að tilgreina innihald skimunarákvörðunarinnar, einkum þegar ekki er krafist mats á umhverfisáhrifum. Enn fremur, og þó að ekki sé krafist formlegs samráðs á skimunarstiginu, telst það vera góð stjórnsýslufrámkvæmd að taka tillit til óumbeðinna athugasemda sem kunna að hafa borist eftir öðrum leiðum, s.s. frá almenningi eða opinberum yfirvöldum.
- 30) Til að auka gæði mats á umhverfisáhrifum, einfalda verklag og hagræða ákvarðanatökuferlinu ættu lögbær yfirvöld, óski framkvæmdaraðilinn þess, gefa út álit um umfang og sundurlíðunarstig þeirra umhverfisupplýsinga sem leggja skal fram, í formi skýrslu um mat á umhverfisáhrifum („afmörkun“).
- 31) Skýrslan um matið á umhverfisáhrifum sem framkvæmdaraðilinn skal leggja fram vegna framkvæmdar ætti að innihalda lýsingu á öðrum sanngjörnum kostum sem framkvæmdaraðilinn hefur kannað og sem tengjast umræddri framkvæmd, þ.m.t., eins og við á, drög að líklegri þróun á núverandi ástandi umhverfisins verði ekki af framkvæmdinni (grunnsviðsmynd), til að auka gæði ferilsins við mat á umhverfisáhrifum og til að hægt sé að fella umhverfissjónarmið inn snemma á hönnunarstigi framkvæmdarinnar.
- 32) Gögn og upplýsingar, sem framkvæmdaraðilinn leggur fram í skýrslunni um matið á umhverfisáhrifunum í samræmi við IV. viðauka við tilskipun 2011/92/ESB, ættu að vera heildstæð og af viðunandi gæðum. Með það fyrir augum að komast hjá tvítekingu mats ætti að taka tillit til niðurstaðna úr öðrum mötum samkvæmt löggjöf Sambandsins, s.s. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB⁽¹⁵⁾ eða tilskipun 2009/71/KBE, eða landslöggjöf, þar sem við á og hún er til staðar.
- 33) Sérfræðingar sem koma að undirbúningi á skýrslum um mat á umhverfisáhrifum ættu að hafa til þess réttindi og hæfi. Það þarf nægjanlega sérfræðiþekkingu á því sviði sem varðar framkvæmdina til að lögbær yfirvöld geti rannsakað hana þannig að tryggt sé að upplýsingarnar sem framkvæmdaraðilinn leggur fram séu heildstæðar og af miklum gæðum.
- 34) Með það fyrir augum að tryggja gagnsæi og ábyrgðarskyldu ætti að krefjast þess að lögbæra yfirvaldið rökstyðji ákvörðun sína um að veita leyfi til framkvæmda og gefi til kynna að það hafi tekið tillit til niðurstaðna viðræðufundanna sem fram fóru og tengdra upplýsinga sem safnað var.
- 35) Aðildarríkin ættu að sjá til þess að mildunar- og bótaráðstöfunum sé hrint í framkvæmd og að viðeigandi málsmeðferðarreglur séu ákveðnar vegna vöktunar á umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfið vegna byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar og starfrækslu framkvæmdar, m.a. til að sanngreina ófyrirséð skaðleg áhrif, til að hægt sé að takast á hendur viðeigandi aðgerðir til úrbóta. Slík vöktun ætti ekki að vera tvíteking eða viðbót við vöktun sem krafist er samkvæmt löggjöf Sambandsins, annarri en þessari tilskipun, og samkvæmt landslöggjöf.

⁽¹⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætla á umhverfið (Stjtíð. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30).

- 36) Til að hvetja til skilvirkari ákvarðanatöku og auka réttarvissu ættu aðildarríkin að sjá til þess að hin ýmsu skref í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda séu framkvæmd innan hæfilegs tíma, sem veltur á eðli framkvæmdarinnar, hversu flókin hún er, staðsetningu hennar og stærð. Slík tímamörk ættu í engum tilvikum að ógna skilvirkri þátttöku almennings, aðgangi að réttarkerfinu og því að það náist mikil gæði í verndun umhverfisins, einkum þau sem rekja má til löggjafar Sambandsins um umhverfið annarrar en þessarar tilskipunar.
- 37) Til að bæta skilvirkni matsins, draga úr flækjum í stjórnsýslunni og auka efnahagslega skilvirkni þegar skuldbindinguna um að vinna mat í tengslum við umhverfismál má rekja samhliða til þessarar tilskipunar og tilskipunar 92/43/EBE og/eða tilskipunar 2009/147/EB, ættu aðildarríkin að sjá til þess, þegar við á og með tilliti til hinna sértæku skipulagseiginleika þeirra, að fyrir liggji samræmdar og/eða sameiginlegar málsmeðferðarreglur sem uppfylla kröfurnar í þessum tilskipunum. Þegar skuldbindinguna um að vinna mat í tengslum við umhverfismál má rekja samhliða til þessarar tilskipunar og annarrar löggjafar Sambandsins, s.s. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB⁽¹⁶⁾, tilskipunar 2001/42/EB, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB⁽¹⁷⁾, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB⁽¹⁸⁾ og tilskipunar 2012/18/ESB, ættu aðildarríkin að geta mælt fyrir um samræmdar og/eða sameiginlegar málsmeðferðarreglur sem uppfylla kröfurnar í viðeigandi löggjöf Sambandsins. Þegar samræmdum eða sameiginlegum málsmeðferðarreglum er komið á ættu aðildarríkin að tilnefna yfirvald sem ber ábyrgð á að sinna samsvarandi skyldum. Aðildarríkin ættu að geta, með tilliti til skipulags stofnana og þegar þau telja slíkt nauðsynlegt, tilnefnt fleiri en eitt yfirvald.
- 38) Aðildarríkin ættu að setja reglur um viðurlög sem beita má við brotum á ákvæðum landslaga sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun. Aðildarríkjunum ætti að vera frjálst að ákveða eðli eða birtingarmynd þeirra viðurlaga. Þau viðurlög sem þannig er mælt fyrir um ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.
- 39) Í samræmi við meginreglurnar um réttarvissu og meðalhóf og til að tryggja að umskiptin frá ríkjandi fyrirkomulagi, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2011/92/ESB, yfir í nýja fyrirkomulagið, sem mun koma til út frá breytingunum í þessari tilskipun, verði eins hnökralaus og mögulegt er er viðeigandi að mæla fyrir um umbreytingarráðstafanir. Þær ráðstafanir ættu að tryggja að lagaumhverfið breytist ekki að því er varðar mat á umhverfisáhrifum, með tilliti til tiltekins framkvæmdaraðila, ef einhverjir þættir málsmeðferðarinnar hafa þegar verið settir af stað samkvæmt ríkjandi fyrirkomulagi og enn hefur ekki verið veitt leyfi til framkvæmda eða tekin önnur bindandi ákvörðun um hana, sem krafist er til að markmið þessarar tilskipunar séu uppfyllt. Til samræmis við það ættu tengd ákvæði í tilskipun 2011/92/ESB frá því áður en henni var breytt með þessari tilskipun að gilda um framkvæmdir ef skimunarferlið vegna þeirra er hafið, afmörkunarferlið er hafið (hafi framkvæmdaraðilinn óskað afmörkunar eða lögbæra yfirvaldið krafist hennar) eða skýrslan um mat á umhverfisáhrifum hefur verið lögð fram, áður en tímamörk vegna lögleiðingar eru liðin.
- 40) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl⁽¹⁹⁾, hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningu um lögleiðingarráðstafanir fylgja með einu eða fleiri skjölum sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingageringa. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.
- 41) Þar eð aðildarríkin geta ekki á fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja hátt verndarstig fyrir umhverfið og heilbrigði manna með því að koma á lágmarkskröfum um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra, alvarleika og þess að í eðli sínu ná þau umhverfismál, sem fjalla á um, yfir landamæri, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.
- 42) Því ber að breyta tilskipun 2011/92/ESB til samræmis við það.

⁽¹⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

⁽¹⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

⁽¹⁹⁾ Stjtið. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2011/92/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 2. mgr. er eftirfarandi skilgreiningu bætt við:

„g) „mat á umhverfisáhrifum“: ferli sem samanstendur af:

- i. skýrslugjöf framkvæmdaraðilans um mat á umhverfisáhrifum, eins og um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr.,
- ii. viðræðum sem fara fram eins og um getur í 6. gr. og, ef við á, 7. gr.,
- iii. rannsókn lögbæra yfirvaldsins á þeim upplýsingum sem lagðar eru fram í skýrslunni um matið á umhverfisáhrifum og á öllum viðbótarupplýsingum sem framkvæmdaraðilinn leggur fram í samræmi við 3. mgr. 5. gr., sé þess þörf, og öllum viðeigandi upplýsingum sem berast í gegnum viðræður skv. 6. og 7. gr.,
- iv. rökstuddri niðurstöðu lögbæra yfirvaldsins um umtalsverð áhrif af framkvæmdinni á umhverfið með tilliti til niðurstaðna úr rannsókninni sem um getur í iii. lið og, ef við á, eigin viðbótarannsókn og
- v. því að rökstudd niðurstaða lögbæra yfirvaldsins sé felld inn í einhverja af þeim ákvörðunum sem um getur í 8. gr. a.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin geta ákveðið, í hverju tilviki fyrir sig og ef kveðið er á um slíkt í landslögum, að beita ekki þessari tilskipun í tengslum við framkvæmdir eða hluta framkvæmda þegar eini tilgangur þeirra er varnir, eða vegna framkvæmda þegar eini tilgangur þeirra er að bregðast við neyðartilvikum sem varða almannavarnir, ef þau komast að þeirri niðurstöðu að slík beiting myndi hafa skaðleg áhrif á tilganginn.“

c) Ákvæði 4. mgr. falli brott.

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. til 3. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Áður en leyfi fyrir framkvæmd er veitt skulu aðildarríkin samþykka allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdir, sem líklegt er að hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, m.a. vegna eðlis þeirra, stærðar eða staðsetningar, séu háðar kröfu um leyfi til framkvæmda og mati á áhrifum þeirra á umhverfið. Þessar framkvæmdir eru skilgreindar í 4. gr.

2. Fella má mat á umhverfisáhrifum inn í gildandi málsmeðferðarreglur aðildarríkjanna um leyfi til framkvæmda eða að öðrum kosti fella það inn í aðrar málsmeðferðarreglur eða málsmeðferðarreglur sem settar verða til að ná markmiðum þessarar tilskipunar.

3. Þegar um er að ræða framkvæmdir þar sem rekja má skylduna um að vinna mat á umhverfisáhrifum samhliða til þessarar tilskipunar og tilskipunar 92/43/EEB⁽¹⁾ og/eða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB⁽²⁾ skulu aðildarríkin tryggja, ef við á, að kveðið sé á um samræmdar og/eða sameiginlegar málsmeðferðarreglur sem uppfylla kröfurnar í umræddri löggjöf Sambandsins.

Ef um er að ræða framkvæmdir þar sem rekja má skylduna um að vinna mat á umhverfisáhrifum samhliða til þessarar tilskipunar og annarrar löggjafar Sambandsins en þeirra tilskipana sem taldar eru upp í fyrstu undirgrein geta aðildarríkin kveðið á um samræmdar og/eða sameiginlegar málsmeðferðarreglur.

Samkvæmt samræmdu málsmeðferðinni sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein skulu aðildarríkin leggja sig fram um að samræma hin ýmsu aðskildu mót á umhverfisáhrifum, sem krafist er í viðeigandi löggjöf Sambandsins, vegna tiltekinnar framkvæmdar með því að tilnefna yfirvald til að sjá um það, með fyrirvara um andstæð ákvæði í annarri viðkomandi löggjöf Sambandsins.

Samkvæmt sameiginlegu málsmeðferðinni í fyrstu og annarri undirgrein skulu aðildarríkin leggja sig fram um að sjá til þess að framkvæmt verði eitt mat á umhverfisáhrifum, sem krafist er í viðeigandi löggjöf Sambandsins, vegna tiltekinnar framkvæmdar, með fyrirvara um andstæð ákvæði í annarri viðkomandi löggjöf Sambandsins.

Frankvæmdastjórnin skal veita leiðsögn um uppsetningu á samræmdum eða sameiginlegum málsmeðferðarreglum vegna framkvæmda sem falla samtímis undir mat samkvæmt þessari tilskipun og tilskipunum 92/43/EBE, 2000/60/EB, 2009/147/EB eða 2010/75/ESB.“

(¹) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra (Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7).

(²) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla (Stjtið. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7).

b) Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin, með fyrirvara um 7. gr., heimilað að einstakar framkvæmdir séu undanþegnar ákvæðum þessarar tilskipunar þegar beiting umræddra ákvæða myndi skaða tilganginn með framkvæmdinni, að því tilskildu að markmiðum þessarar tilskipunar sé náð.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Í tilvikum þegar framkvæmd er samþykkt með sérstakri landslöggjöf geta aðildarríkin, með fyrirvara um 7. gr., undanþegið framkvæmdina frá ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun varðandi samráð við almenning, að því tilskildu að markmiðum þessarar tilskipunar sé náð.“

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um beitingu undanþágunnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, með tveggja ára millibili frá 16. maí 2017.“

3) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

1. Í mati á umhverfisáhrifum skal í hverju einstöku tilviki greina, lýsa og meta á viðeigandi hátt bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirfarandi þætti vegna tiltekinnar framkvæmdar:

- a) íbúa og heilbrigði manna,
- b) líffræðilega fjölbreytni, með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar samkvæmt tilskipun 92/43/EBE og tilskipun 2009/147/EB,
- c) land, jarðveg, vatn, loft og loftslag,
- d) efnisleg verðmæti, menningararfleifð og landslag,
- e) samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a- til d-lið.

2. Til þeirra áhrifa, sem um getur í 1. mgr., á þættina sem þar eru taldir upp skulu teljast þau áhrif sem búist er við vegna næmis framkvæmdarinnar fyrir hættu á stórslysum og/eða náttúruhamförum sem skipta máli fyrir viðkomandi framkvæmd.“

4) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. og 4. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ef rannsókn er gerð á hverju tilviki fyrir sig eða mörk eða viðmiðanir eru settar, að því er varðar 2. mgr., skal taka tillit til viðeigandi valforsendna í III. viðauka. Aðildarríkin geta sett mörk eða viðmiðanir til að ákvarða hvenær hvorki þurfi ákvörðun skv. 4. og 5. mgr. né mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda, og/eða mörk eða viðmiðanir til að ákvarða hvenær gera skuli mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda án þess að komi til ákvörðunar skv. 4. og 5. mgr.

4. Ef aðildarríkin ákveða að krefjast ákvörðunar fyrir framkvæmdir sem skráðar eru í II. viðauka skal framkvæmdaraðilinn leggja fram upplýsingar um eiginleika framkvæmdarinnar og líkleg umtalsverð áhrif hennar á umhverfið. Nákvæm skrá yfir þær upplýsingar sem leggja skal fram er tilgreind í II. viðauka A. Framkvæmdaraðilinn skal, þar sem við á, taka tillit til fyrirliggjandi niðurstaðna úr öðrum viðeigandi mötum á umhverfisáhrifum sem gerð hafa verið samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins en þessari tilskipun. Framkvæmdaraðilinn getur einnig lagt fram lýsingu á þáttum framkvæmdarinnar og/eða fyrirhuguðum ráðstöfunum til að komast megi hjá eða koma í veg fyrir það sem annars hefðu getað orðið umtalsverð skaðleg áhrif á umhverfið.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bættist við:

„5. Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða, á grundvelli upplýsinganna sem framkvæmdaraðilinn leggur fram í samræmi við 4. mgr. með tilliti til, þar sem við á, niðurstaðna úr forprófunum eða mötum á umhverfisáhrifum sem unnin eru í samræmi við aðra löggjöf Sambandsins en þessa tilskipun. Sú ákvörðun skal gerð aðgengileg almenningi og:

a) ef ákveðið er að krefjast mats á umhverfisáhrifum skal gefa upp helstu ástæður fyrir því að slíks mats er krafist, með tilvísun í viðeigandi viðmiðanir sem skráðar eru í III. viðauka eða

b) ef ákveðið er að krefjast ekki mats á umhverfisáhrifum skal gefa upp helstu ástæður fyrir því að krefjast ekki slíks mats, með tilvísun í viðeigandi viðmiðanir sem skráðar eru í III. viðauka og, hafi framkvæmdaraðilinn lagt slíkt til, tilgreina þætti framkvæmdarinnar og/eða fyrirhugaðar ráðstafanir til að komast megi hjá eða koma í veg fyrir það sem annars hefðu getað orðið umtalsverð skaðleg áhrif á umhverfið.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbæra yfirvaldið taki ákvörðun sína eins fljótt og auðið er og innan 90 daga frá þeim degi þegar framkvæmdaraðilinn hefur lagt fram allar þær upplýsingar sem krafist er skv. 4. mgr. Í undantekningartilvikum, t.d. í tengslum við eðli framkvæmdarinnar, hversu flókin hún er, staðsetningu hennar eða stærð, getur lögbæra yfirvaldið framlengt þennan frest til að taka ákvörðun sína; ef það gerist skal lögbæra yfirvaldið upplýsa framkvæmdaraðilann skriflega um hvaða ástæður réttlæta framlenginguna og um hvaða dag má eiga von á ákvörðun þess.“

5) Í stað 1. til 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Sé mats á umhverfisáhrifum krafist skal framkvæmdaraðilinn útbúa og leggja fram skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Þær upplýsingar sem framkvæmdaraðilinn skal leggja fram skulu innihalda a.m.k.:

a) lýsingu á framkvæmdinni sem samanstendur af upplýsingum um staðsetninguna, hönnun, stærð og aðra þætti framkvæmdarinnar sem máli skipta,

b) lýsingu á líklegum umtalsverðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið,

c) lýsingu á þáttum framkvæmdarinnar og/eða fyrirhuguðum ráðstöfunum til að komast megi hjá eða koma í veg fyrir eða draga úr og, ef mögulegt er, vega upp á móti líklegum umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfið,

- d) lýsingu á þeim öðrum sanngjörnum kostum sem framkvæmdaraðilinn hefur kannað og sem tengjast umræddri framkvæmd og sérstökum eiginleikum hennar, ásamt tilgreiningu á helstu ástæðunum fyrir þeim kosti sem var valinn, með tilliti til áhrifa framkvæmdarinnar á umhverfið,
- e) samantekt, sem ekki er á tæknimáli, um upplýsingarnar í a- til d-lið og
- f) þær viðbótarupplýsingar sem tilgreindar eru í IV. viðauka sem tengjast sérstökum eiginleikum tiltekkinnar framkvæmdar eða tegundar af framkvæmd og þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum.

Ef gefið er út álit skv. 2. mgr. skal skýrslan um mat á umhverfisáhrifum byggjast á því álit og í henni skulu vera þær upplýsingar sem sanngjarnt má teljast að krafist sé til að ná megi rökstuddri niðurstöðu um umtalsverð áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið, með tilliti til fyrirliggjandi vitneskju og matsaðferða. Þegar framkvæmdaraðilinn útbýr skýrsluna um mat á umhverfisáhrifum skal hann, með það fyrir augum að forðast að tvítaka mat, taka tillit til fyrirliggjandi niðurstaðna úr öðrum mötum sem máli skipta og eru unnin samkvæmt löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf.

2. Óski framkvæmdaraðilinn þess skal lögbæra yfirvaldið gefa út álit um umfang og sundurliðunarstig þeirra upplýsinga sem framkvæmdaraðilinn skal leggja fram í skýrslunni um mat á umhverfisáhrifum í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, með tilliti til upplýsinganna sem framkvæmdaraðilinn leggur fram, einkum um sérstaka eiginleika framkvæmdarinnar, þ.m.t. staðsetningu hennar og tæknilegt umfang og líkleg áhrif hennar á umhverfið. Lögbæra yfirvaldið skal hafa samráð við yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., áður en það gefur álit.

Aðildarríkin geta einnig krafist þess að lögbær yfirvöld gefi álit eins og um getur í fyrstu undirgrein, án tillits til þess hvort framkvæmdaraðilinn óskar þess.

3. Til að tryggja heildstæðni og gæði skýrslunnar um matið á umhverfisáhrifunum:

- a) skal framkvæmdaraðilinn sjá til þess að skýrslan um matið á umhverfisáhrifunum sé útbúin af til þess hæfum sérfræðingum,
 - b) skal lögbæra yfirvaldið sjá til þess að það búi yfir, eða hafi nauðsynlegan aðgang að, nægjanlegri sérfræðipækkingu til að rannsaka skýrsluna um matið á umhverfisáhrifunum og
 - c) ef nauðsyn krefur skal lögbæra yfirvaldið óska eftir viðbótarupplýsingum frá framkvæmdaraðilanum í samræmi við IV. viðauka sem skipta beinu máli fyrir það að komast megi að rökstuddri niðurstöðu um umtalsverð áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið,“
- 6) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að yfirvöld, sem líklegt er að framkvæmdirnar varði sökum þess að umhverfismál heyra að einhverju leyti undir þau, fái tækifæri til að láta í ljós álit á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili leggur fram og á beiðninni um samþykki fyrir framkvæmd með tilliti til, eftir því sem við á, þeirra tilvika sem um getur í 3. mgr. 8. gr. a. Í þessu skyni skulu aðildarríkin tilnefna þau yfirvöld sem hafa skal samráð við, hvort heldur er almennt eða í hverju tilviki fyrir sig. Upplýsingar, sem teknar eru saman skv. 5. gr., skulu sendar þessum yfirvöldum. Aðildarríkin skulu mæla ítarlega fyrir um framkvæmd ráðgjafarinnar.“

- b) Í stað inngangshlutans í 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Til að tryggja skilvirka þátttöku þess hluta almennings sem málið varðar í ákvarðanatökuferlinu skal tilkynna almenningi rafrænt og með opinberum auglýsingum eða öðrum viðeigandi leiðum um eftirfarandi atriði snemma í ákvarðanatökuferlunum um umhverfismál, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og, í síðasta lagi, um leið og sanngjarnt má teljast að upplýsingar séu veittar“.

c) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Aðildarríkin skulu ákveða nákvæma tilhögun við að upplýsa almenning, t.d. með því að koma upp auglýsingum innan tiltekins radíuss eða með birtingu í dagblöðum á viðkomandi stað, og með því að hafa samráð við almenning, sem málið varðar, t.d. skriflega eða með almennri könnun. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðeigandi upplýsingar séu aðgengilegar almenningi á rafrænan hátt, að minnsta kosti um miðlæga aðgangsgátt eða vel aðgengilega aðgangspunkta, á viðeigandi stjórnunarstigi.“

d) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Ákveða skal hæfilega tímaramma fyrir hina mismunandi áfanga og veita þannig nægan tíma:

a) til að upplýsa yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr., og almenning og

b) fyrir yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr., og þann hluta almennings, sem málið varðar, til að undirbúa og taka skilvirkan þátt í ákvarðanatökunni um umhverfismál, með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar.“

e) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Tímamörk vegna viðræðna um skýrsluna um mat á umhverfisáhrifum, sem um getur í 1. mgr. 5 gr., við þann hluta almennings sem málið varðar, skulu ekki vera styttri en 30 dagar.“

7) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu hefja viðræður, meðal annars um hugsanleg áhrif framkvæmdanna yfir landamæri og þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að draga úr eða koma í veg fyrir slík áhrif, og skulu þau koma sér saman um hæfilegan frest til þeirra viðræðna.

Slíkar viðræður mega eiga sér stað fyrir milligöngu viðeigandi sameiginlegrar stofnunar.“

b) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu, á grundvelli þeirrar tilhögunar og tímamarka sem um getur í 5. til 7. mgr. 6. gr., ákveða ítarlega tilhögun við framkvæmd 1. til 4. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. að setja tímamörk vegna viðræðna, og skal hún vera þannig að þeim hluta almennings, sem málið varðar, á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem verður fyrir áhrifum sé gert kleift að taka virkan þátt í ferlinu við töku ákvarðana sem varða umhverfið, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar framkvæmdina.“

8) Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Við málsmeðferð við veitingu leyfis fyrir framkvæmd ber að taka viðeigandi tillit til niðurstaðna úr samráði og þeirra upplýsinga sem teknar hafa verið saman skv. 5. til 7. gr.“

9) Eftirfarandi grein bætist við:

„8. gr. a

1. Í ákvörðun um að veita leyfi til framkvæmda skulu hið minnsta koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) rökstudda niðurstaðan sem um getur í iv. lið g-liðar 2. mgr. 1. gr.,

b) öll skilyrði vegna umhverfisins sem fylgja ákvörðuninni, lýsing á þáttum framkvæmdarinnar og/eða fyrirhuguðum ráðstöfunum til að komast megi hjá, koma í veg fyrir eða draga úr og, ef mögulegt er, vega upp á móti umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfið, sem og, eftir því sem við á, eftirlitsráðstafanir.

2. Í ákvörðun um að synja um leyfi til framkvæmda skal tilgreina meginástæðurnar fyrir synjuninni.

3. Ef aðildarríki notfæra sér málsmeðferðarreglurnar sem um getur í 2. mgr. 2. gr., aðrar en málsmeðferðarreglur um leyfi fyrir framkvæmdum, skulu kröfurnar í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, eftir því sem við á, teljast uppfylltar þegar hver sú ákvörðun sem er gefin út í tengslum við umræddar málsmeðferðarreglur inniheldur þær upplýsingar sem um getur í umræddum málsgreinum og fyrirkomulag er fyrir hendi sem gerir kleift að uppfylla kröfurnar í 6. mgr. þessarar greinar.

4. Aðildarríkin skulu, í samræmi við kröfurnar sem um getur í b-lið 1. mgr., sjá til þess að framkvæmdaraðilinn hrindi í framkvæmd þeim þáttum framkvæmdarinnar og/eða fyrirhuguðum ráðstöfunum til að komast megi hjá, koma í veg fyrir eða draga úr og, ef mögulegt er, vega upp á móti umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfið og skulu þau ákveða málsmeðferðarreglur um eftirlit með umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfið.

Þær tegundir breyta sem eftirlit skal haft með og tímalengd eftirlitsins skulu vera í réttu hlutfalli við eðli, staðsetningu og stærð framkvæmdarinnar og mikilvægi áhrifa hennar á umhverfið.

Notast má við fyrirliggjandi fyrirkomulag við eftirlit sem stafar af löggjöf Sambandsins, annarri en þessari tilskipun, og landslöggjöf, ef við á, með það fyrir augum að forðast tvítekingu eftirlits.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbæra yfirvaldið taki einhverja af þeim ákvörðunum, sem um getur í 1. til 3. mgr., innan hæfilegs tíma.

6. Lögbæra yfirvaldið skal, þegar það tekur ákvörðun um að veita leyfi fyrir framkvæmdum, fullvissa sig um að rökstudda niðurstaðan, sem um getur í iv. lið g-liðar 2. mgr. 1. gr., eða ákvarðanirnar, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, séu enn í fullu gildi. Í þeim tilgangi geta aðildarríkin sett tímamörk fyrir gildi rökstuddu niðurstöðunnar, sem um getur í iv. lið g-liðar 2. mgr. 1. gr., eða þær ákvarðanir sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.“

10) Í stað 1. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um veitingu eða synjun leyfis til framkvæmda skal lögbært yfirvald eða yfirvöld tafarlaust tilkynna almenningi og þeim yfirvöldum, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., um það, í samræmi við landsbundna málsmeðferð, og sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar séu aðgengilegar almenningi og þeim yfirvöldum sem um getur í 1. mgr. 6. gr., með tilliti til, eftir því sem við á, þeirra tilvika sem um getur í 3. mgr. 8. gr. a:

a) inntaks ákvörðunarinnar og þeirra skilyrða sem henni fylgja, eins og um getur í 1. og 2. mgr. 8. gr. a,

b) helstu ástæðna og forsendna sem ákvörðunin byggist á, þ.m.t. upplýsinga um ferlið við þátttöku almennings. Þetta nær einnig til samantektar á niðurstöðunum úr viðræðunum og þeim upplýsingum sem safnað er skv. 5. til 7. gr. og hvernig þessar niðurstöður hafa verið teknar upp eða fjallað um þær á annan hátt, einkum athugasemdir frá aðildarríkinu sem verður fyrir áhrifum, eins og um getur í 7. gr.“

11) Eftirfarandi grein bætist við:

„9. gr. a

Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin framfylgi þeim skyldum sem rekja má til þessarar tilskipunar á hlutlægan hátt og komist ekki í aðstöðu þar sem hagsmunaárekstur skapast.

Þegar lögbæra yfirvaldið er einnig framkvæmdaraðili skulu aðildarríkin hið minnsta koma á, innan skipulags stjórnsviðsvaldsviðs síns, viðeigandi aðskilnaði á þeim starfssviðum sem stangast á þegar þau framfylgja þeim skyldum sem rekja má til þessarar tilskipunar.“

12) Í stað fyrstu málsgreinar 10. gr. komi eftirfarandi:

„Með fyrirvara um tilskipun 2003/4/EB, skulu ákvæði tilskipunar þessarar ekki hafa áhrif á skyldur lögbærra yfirvalda til að virða þær takmarkanir sem landslög og stjórnarsýslufyrirmæli, svo og viðteknar lagavenjur, setja um iðnaðar- og viðskiptaleynd, þ.m.t. hugverkarétt, eða til að tryggja almannaeið.“

13) Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. a

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög sem beita má við brotum á ákvæðum landslaga sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.“

14) Í stað 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„2. Einkum skulu aðildarríkin, á sex ára fresti frá 16. maí 2017, gera framkvæmdastjórninni, þegar slík gögn liggja fyrir, grein fyrir:

- a) fjölda framkvæmda sem um getur í I. og II. viðauka sem settar voru í mat á umhverfisáhrifum í samræmi við 5. til 10. gr.,
- b) sundurliðun á mötum á umhverfisáhrifum samkvæmt framkvæmdaflokkunum sem settir eru fram í I. og II. viðauka,
- c) fjölda framkvæmda sem um getur í II. viðauka sem taka þurfti ákvörðun um í samræmi við 2. mgr. 4. gr.,
- d) meðallengd ferlisins við mat á umhverfisáhrifum,
- e) almennu mati á beinum meðalkostnaði við mat á umhverfisáhrifum, þ.m.t. áhrifin af beitingu ákvæða þessarar tilskipunar á lítil og meðalstór fyrirtæki.“

15) Viðaukunum við tilskipun 2011/92/ESB er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Með fyrirvara um 3. gr. skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 16. maí 2017.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

1. Hafi ákvarðanatökufrelið, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/92/ESB, hafist vegna tiltekinna framkvæmda fyrir 16. maí 2017 skulu þær falla undir þær skuldbindingar sem um getur í 4. gr. tilskipunar 2011/92/ESB áður en henni var breytt með þessari tilskipun.

2. Framkvæmdir skulu falla undir þær skuldbindingar sem um getur í 3. gr. og 5. til 11. gr. tilskipunar 2011/92/ESB áður en henni var breytt með þessari tilskipun, þegar, fyrir 16. maí 2017:

- a) málsmeðferð, sem varðar álitid sem um getur í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/92/ESB, var hafin eða
- b) þær upplýsingar, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/92/ESB, voru lagðar fram.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. KOURKOULAS

forseti.

VIÐAUKI

- 1) Eftirfarandi viðauki bætist við:

„II. VIÐAUKI A:

UPPLÝSINGAR SEM UM GETUR Í 4. MGR. 4. GR.

(UPPLÝSINGAR SEM FRAMKVÆMDARAÐILINN SKAL LEGGJA FRAM UM FRAMKVÆMDIRNAR SEM SKRÁÐAR ERU Í II. VIÐAUKA)

1. Lýsing á framkvæmdinni, þ.m.t. einkum:
 - a) lýsing á efnislegum eiginleikum allrar framkvæmdarinnar og, ef við á, á niðurrifi,
 - b) lýsing á staðsetningu framkvæmdarinnar, með sérstöku tilliti til þess hversu viðkvæmt umhverfið er á landsvæðum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum.
 2. Lýsing á þeim þáttum í umhverfinu sem líklegt er að verði fyrir umtalsverðum áhrifum af framkvæmdinni.
 3. Lýsing á öllum líklegum umtalsverðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið, að því marki sem upplýsingar liggja fyrir um slík áhrif, sem stafa af:
 - a) leifum og losun sem gert er ráð fyrir, ásamt framleiðslu úrgangs, ef við á,
 - b) nýtingu á náttúruauðlindum, einkum jarðvegi, landi, vatni og líffræðilegri fjölbreytni.
 4. Þar sem við á skal taka tilliti til viðmiðananna í III. viðauka þegar teknar eru saman upplýsingar í samræmi við 1. til 3. lið.“
- 2) Í stað III. og IV. viðauka komi eftirfarandi:

„III. VIÐAUKI

VALVIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í 3. MGR. 4. GR.

(VIÐMIÐANIR TIL AÐ ÁKVEÐA HVORT FRAMKVÆMDIRNAR SEM TALDAR ERU UPP Í II. VIÐAUKA SKULI FALLA UNDIR MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM)

1. **Eiginleikar framkvæmda**

Taka þarf til athugunar eiginleika framkvæmda, einkum að því er varðar:

- a) stærð og hönnun allrar framkvæmdarinnar,
- b) samlegð með öðrum yfirstandandi og/eða leyfðum framkvæmdum,
- c) nýtingu á náttúruauðlindum, einkum landi, jarðvegi, vatni og líffræðilegri fjölbreytni,
- d) framleiðslu úrgangs,
- e) mengun og ónæði,
- f) hættu á stórslysum og/eða náttúruhamförum sem skipta máli fyrir viðkomandi framkvæmd, þ.m.t. af völdum loftslagsbreytinga, í samræmi við vísindalega þekkingu,
- g) áhættu fyrir heilbrigði manna (t.d. vegna vatns- eða loftmengunar).

2. Staðsetning framkvæmda

Taka skal tillit til þess hversu viðkvæmt umhverfi þeirra landsvæða, sem líklegt er að framkvæmdir hafi áhrif á, er, einkum með tilliti til:

- a) yfirstandandi og leyfðar landnotkunar,
- b) hlutfallslegrar nægtar, tiltækileika, gæða og endurnýjunargetu náttúruauðlinda (þ.m.t. jarðvegs, lands, vatns og líffræðilegrar fjölbreytni) á svæðinu og undir því,
- c) mótstöðuafis náttúrulega umhverfisins, með sérstöku tilliti til eftirtalinna svæða:
 - i. votlendis, bakkalendis, ármynna,
 - ii. strandsvæða og sjávarumhverfis,
 - iii. fjall- og skóglendis,
 - iv. náttúruverndarsvæða og þjóðgarða,
 - v. svæða sem eru skráð eða vernduð samkvæmt landslöggjöf; svæða innan Evrópunets verndarsvæða sem aðildarríki hafa tilnefnt samkvæmt tilskipun 92/43/EBE og tilskipun 2009/147/EB,
 - vi. svæða þar sem þegar hefur ekki verið farið að umhverfisgæðakröfum þeim sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins og sem varða framkvæmdina, eða þar sem talið er að ekki hafi verið farið að þeim,
 - vii. þéttbýlla svæða,
 - viii. landslags og staða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi.

3. Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Líta skal til líklegra umtalsverðra áhrifa framkvæmda á umhverfið í tengslum við viðmiðanir sem settar eru fram 1. og 2. lið þessa viðauka, að því er varðar áhrif framkvæmdarinnar á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. mgr. 3. gr., með tilliti til:

- a) umfangs og rúmfræðilegrar stærðar áhrifanna (t.d. landfræðilegs svæðis og fjölda þeirra íbúa sem líklegt er að verði fyrir áhrifum),
- b) eðlis áhrifanna,
- c) áhrifa yfir landamæri,
- d) styrkleika áhrifanna og hversu flókin þau eru,
- e) þess hversu líkleg áhrifin eru,
- f) þess hvenær áhrifin hefjast, hversu lengi þau vara, tíðni þeirra og hvort þau eru afturkallanleg,
- g) samlegðar áhrifanna með áhrifum af öðrum yfirstandandi og/eða leyfðum framkvæmdum,
- h) möguleikans á að draga úr áhrifunum á skilvirkan hátt.

IV. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 5. GR.

(UPPLÝSINGAR SEM VARÐA SKÝRSLUNA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM)

1. Lýsing á framkvæmdinni, þ.m.t. einkum:

- a) lýsing á staðsetningu framkvæmdanna,
- b) lýsing á efnislegum eiginleikum allrar framkvæmdarinnar, þ.m.t., ef við á, nauðsynlegu niðurrifi, og á þörfum fyrir landnýtingu meðan á byggingar- og rekstraráföngunum stendur,

- c) lýsing á helstu eiginleikum rekstraráfanga framkvæmdarinnar (einkum öllum vinnsluferlum), t.d. orkuþörf og orkunotkun, eðli og magni efna og náttúruauðlinda sem eru nýtt (þ.m.t. vatn, land, jarðvegur og líffræðileg fjölbreytni),
 - d) mat, bæði á tegund og magni leifa og losunar (s.s. mengunar í vatni, lofti, jarðvegi og jarðvegsgrunni, hávaða, titrings, ljóss, hita, geislunar) sem gert er ráð fyrir og á magni og tegundum úrgangs sem er framleiddur meðan á byggingar- og rekstraráföngunum stendur.
2. Lýsing á öðrum sanngjörnum kostum sem framkvæmdaraðilinn hefur kannað (t.d. í tengslum við hönnun framkvæmdarinnar, tækni, staðsetningu, stærð og umfang) og sem tengjast fyrirhugaðri framkvæmd og sérstökum eiginleikum hennar, ásamt tilgreiningu á helstu ástæðunum fyrir þeim kosti sem var valinn, þ.m.t. samanburður á umhverfisáhrifum.
 3. Lýsing á viðeigandi þáttum núverandi ástands umhverfisins (grunnsviðsmynd) og drög að líklegri þróun þess verði ekki af framkvæmdinni, að því marki sem hægt er að meta náttúrulegar breytingar út frá grunnsviðsmyndinni án óþarfa fyrirhafnar, á grunni aðgengileika upplýsinga um umhverfið og vísindapekkingar.
 4. Lýsing á þeim þáttum sem eru tilgreindir í 1. mgr. 3. gr. sem líklegt er að verði fyrir umtalsverðum áhrifum af framkvæmdinni: íbúafjöldi, heilbrigði manna, líffræðileg fjölbreytni (t.d. í dýraríkinu og plönturíkinu), land (t.d. landtaka), jarðvegur (t.d. lífrænt efni, rof, þjöppun, lokun), vatn (t.d. vatnsformfræðilegar breytingar, magn og gæði), loft, loftslag (t.d. losun gróðurhúsalofttegunda, áhrif sem tengjast aðlögun), efnislegar eignir, menningararfleið, þ.m.t. þættir sem varða byggingarlist og fornleifar, og landslag.
 5. Lýsing á líklegum umtalsverðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið sem m.a. stafa af:
 - a) byggingu og tilvist framkvæmdarinnar, þ.m.t., ef við á, niðurrifi,
 - b) nýtingu á náttúruauðlindum, einkum landi, jarðvegi, vatni og líffræðilegri fjölbreytni, eins og unnt er með tilliti til sjálfbærs tiltækileika þessara auðlinda,
 - c) losun mengunarefna, hávaða, titrings, ljóss, hita og geislunar, sköpun ónæðis, og förgun og endurheimt úrgangs,
 - d) áhættu fyrir heilbrigði manna, menningararfleið eða umhverfið (t.d. vegna slysa eða hamfara),
 - e) samlegð áhrifa með öðrum yfirstandandi og/eða leyfðum framkvæmdum, með tilliti til umhverfisvandamála sem þegar eru til staðar í tengslum við svæði sem eru sérstaklega mikilvæg út frá umhverfislegu sjónarmiði, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum, eða til nýtingar náttúruauðlinda,
 - f) áhrifum framkvæmdarinnar á loftslag (t.d. eðli og magn losunar gróðurhúsalofttegunda) og næmi framkvæmdarinnar fyrir loftslagsbreytingum,
 - g) þeirri tækni og þeim efnum sem notuð eru.
- Lýsingin á líklegu umtalsverðu áhrifunum á þættina sem tilgreindir eru í 1. mgr. 3. gr. skal ná til beinna áhrifa og allra óbeinna áhrifa, annars stigs áhrifa, samanlagðra áhrifa, áhrifa yfir landamæri, skammtíma-, meðaltíma- og langtímaáhrifa og varanlegra og tímabundinna, jákvæðra og neikvæðra áhrifa af framkvæmdinni. Í lýsingunni skal taka tillit til umhverfisverndarmarkmiða, sem komið hefur verið upp á vettvangi Sambandsins eða aðildarríkjanna, sem skipta máli fyrir framkvæmdina.
6. Lýsing á spáaðferðum eða sönnunum sem eru notaðar til að sanngreina og meta hin umtalsverðu áhrif á umhverfið, þ.m.t. nákvæmar upplýsingar um erfiðleika (t.d. tæknilega anmarka eða skort á þekkingu) sem finnast við samsöfnun tilskilinna upplýsinga og helstu óvissuþátta.

7. Lýsing á ráðstöfunum sem eru fyrirhugaðar til að komast megi hjá, koma í veg fyrir, draga úr eða, ef mögulegt er, vega upp á móti umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfið sem sanngreind hafa verið, sem og, eftir því sem við á, á fyrirhuguðu eftirlitsfyrirkomulagi (t.d. eftirágreiningu á framkvæmdinni). Í þeirri lýsingu skal skýra út að hversu miklu leyti er komist hjá, komið í veg fyrir, dregið úr eða vegið upp á móti umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfið og skal lýsingin ná til bæði byggingar- og rekstraráfanganna.
8. Lýsing á umtalsverðum skaðlegum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið sem reiknað er með vegna næmis framkvæmdarinnar fyrir stórslysum og/eða náttúruhamförum sem skipta máli fyrir umrædda framkvæmd. Í þessum tilgangi, og að því tilskildu að kröfurnar í þessari tilskipun séu uppfylltar, má nota viðeigandi upplýsingar sem liggja fyrir og eru fengnar með áhættumati samkvæmt löggjöf Sambandsins, s.s. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB(*) eða tilskipun ráðsins 2009/71/KBE(**), eða viðeigandi mötum sem voru gerð samkvæmt landslöggiöf. Þegar við á skulu í þeirri lýsingu koma fram ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að koma í veg fyrir eða milda umtalsverð skaðleg áhrif slíkra atburða á umhverfið, ásamt nákvæmum upplýsingum um viðbúnað og fyrirhuguð viðbrögð við slíku neyðarástandi.
9. Samantekt, sem ekki er á tæknimáli, um upplýsingarnar sem eru veittar skv. 1. til 8. lið.
10. Tilvísanaskrá þar sem talið er upp hvaða heimildir eru notaðar að því er varðar lýsingarnar og mötin í skýrslunni.

(*) Tilskipun 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB (Stjtið. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1).

(**) Tilskipun ráðsins 2009/71/KBE frá 25. júní 2009 um ramma Bandalagsins um öryggi kjarnorkuvirkja með tilliti til kjarnorku (Stjtið. ESB L 172, 2.7.2009, bls. 18).“